

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra og Klappir Development undirrita viljayfirlýsingu:

Uppbygging orkufreks iðnaðar á Hafursstöðum í Skagabyggð

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa undirritað samstarfssamning við Klappir Development ehf. um uppbyggingu og rekstur á 120.000 tonna álveri á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði við Hafursstaði í Skagabyggð. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagafjörður.

Samstillt átak

Samningur sveitarfélaganna og Klappa er gerður í framhaldi þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 15. janúar 2014 um að koma á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra með uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Samstarfið byggir einnig á sameiginlegri yfirlýsingu sveitarfélaganna og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. október 2014, um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa með nýtingu raforku sem framleidd er í sýslunni.

Með uppbyggingu orkufrekrar starfsemi á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði við Hafursstaði er horft til þeirra jákvæðu samfélagslegu áhrifa sem fylgt hafa stóriðju á Grundartanga og á Reyðarfirði. Í tengslum við uppbyggingu verður ráðist í gerð stórskipahafnar við Hafursstaði auk uppbyggingar annarra innviða á Norðvesturlandi.

Skapar 240 varanleg störf

Áætlanir gera ráð fyrir 240 varanlegum störfum í álveri Klappa og allt að 800 tímabundnum störfum á byggartíma. Orkuþörf álversins er 206 MW, sem reiknað er með að komi frá Blönduvirkjun í samræmi við vilja og samkomulag heimamanna og stjórnvalda þegar virkjunin var byggð. Tímasetning á afhendingu á orku frá Blönduvirkjun til álvers á Hafursstöðum byggist m.a. á að þá verði fyrir hendi orka til afhendingar til núverandi viðskiptavina virkjunarinnar.

Kynningarfundur um verkefnið verður haldinn í heimabyggð í byrjun júlí.

Nánari upplýsingar veita:

Ingvar Unnsteinn Skúlason,
Klappir Development ehf., GSM 8921999

Arnar Þór Sævarsson,
f.h. sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra, GSM 8997897

Myndefni:

Meðfylgjandi eru tölvuteiknaðar myndir af hugmyndum um álver og staðsetningu þess að Hafursstöðum í Skagabyggð.

Um Klappir Development ehf.:

Klappir Development ehf. er íslenskt félag sem hefur undanfarin ár unnið að undirbúningi byggingar álvers, sem fyrirhugað er að reisa að Hafursstöðum í Skagabyggð. Áætlað er að framleiða 120.000 tonn á ári sem steipt verða í stangir og vír. Auk framleiðslu áls stefna Klappir á að fullvinna hluta framleiðslunnar á staðnum, þ.á.m. með framleiðslu á rafleiðurum.

Klappir ásamt samstarfsaðila sínum NFC (China Nonferrous Metal Industry's Foreign Engineering and Construction) undirbúa byggingu og fjármögnun á álverinu. Jafnframt er unnið að fjárhagslegri og tæknilegri úttekt á verkefninu sem áætlað er að ljúki fyrir lok árs. Í framhaldi verður tekin ákvörðun um byggingu álversins. Takist að tryggja orku er áformað að framleiðsla hefjist um þremur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Álverið verður í eigu Klappa og innlendra og erlendra samstarfsaðila. Eignarhald verður í meirihlutaeigu íslenskra aðila.